

Bekkir	Stofa	Inngangur	Salerni	Sóttvarnarhólf
2FF	M23	Miðbæjarskóli inngangur sem snýr út að Lækjargötu	Salerni á námsráðgjafagangi og salerni í kjallara	Miðbæjarskóli 1
2FÞ	A5	A bygging aðalinngangur	Í kjallara og á 1. hæð (N-bygging)	Aðalbygging
2NC	Íþróttasalur	Miðbæjarskóli inngangur sem snýr út að Lækjargötu	Salerni á námsráðgjafagangi og í kjallara/jarðhæð	Miðbæjarskóli 1
2NF	N2	N-bygging. Inngangur sem snýr að Listasafni Íslands.	Í kjallara og á 1. hæð (N-bygging)	Aðalbygging
3FA	U8	Uppsálar – aðalinngangur	Á efri hæð í U	Uppsálar
3FF	U1 Matsalur	Uppsálar – aðalinngangur	Á 1. hæð í U	Uppsálar
3FS	U7	Uppsálar – aðalinngangur	Á efri hæð í U	Uppsálar
3FÞ	Bókasafn	Aðalbygging – bakhlið	Í kjallara og á 1. hæð (N-bygging)	Aðalbygging
3H	M28	Úr portinu við Miðbæjarskólann inn í suðurálmuna (Inngangur er beint á móti stofu M17)	Í kjallaranum/jarðhæð í M	Miðbæjarskóli 2
3NA	N3	N-bygging. Inngangur sem snýr að Listasafni Íslands.	Í kjallara og á 1. hæð (N-bygging)	Aðalbygging
3NC	M19	Úr portinu við Miðbæjarskólann inn í suðurálmuna (Inngangur er beint á móti stofu M17)	Í kjallaranum/jarðhæð í M	Miðbæjarskóli 2
3ND	N4	N-bygging. Inngangur sem snýr að Listasafni Íslands.	Í kjallara og á 1. hæð (N-bygging)	Aðalbygging
3NF	N6	N-bygging. Inngangur sem snýr að Listasafni Íslands.	Í kjallara og á 1. hæð (N-bygging)	Aðalbygging
3NÞ	M27	Úr portinu við Miðbæjarskólann inn í suðurálmuna (Inngangur er beint á móti stofu M17)	Í kjallaranum/jarðhæð í M	Miðbæjarskóli 2

Reglur og upplýsingar:

- Nemendur eiga eingöngu að nota sinn inngang og spritta sig þegar þeir koma inn í skólann.
- Gangar eru ferðarými. Kennslustofur eru ólæstar og nemendur eiga að fara beint inn í sína stofu þegar þeir koma í skólann.
- Nemendur þurfa að spritta sig þegar þeir koma og fara útúr stofunni.
- Nemendur þurfa að virða sóttvarnarhólfina í skólanum og fara ekki á milli hólfa (undantekning ef staðkennsla er í tímum í valáfanga).
- Allir verða virða eins metra regluna og passa að víkja og hinkra ef fjölmennt er á ganginum og/eða í stigum
- Hver bekkur fær úthlutað stofu og er þar í öllum tímum. Búið er að raða borðum í stofurnar og það má **ekki** færa til borðin
- Nemendur “eiga” sitt sæti í kennslustofunni. Sitja í sama sæti vikuna sem þeir eru í skólanum.
- Mötuneyti er lokað, nemendur þurfa því að koma með nesti í skólann. Nemendum er heimilt að borða nesti í kennslustofunni en þurfa að ganga vel frá öllu eftir sig og henda rusli í lokaðar ruslafötur. Lokaðar ruslafötur verða fyrir framan allar stofur.
- Litli Kvennó (nemendarymið í kjallaranum í M) er lokaður.
- Ekki er grímuskylda í skólanum, starfsmenn og nemendur velja hvort þeir vilja nota grímu. Nemendur komi með eigin grímu og hanska telji þeir þörf á.
- Valáfangar eru ýmist í fjarkennslu eða í staðkennslu að hluta eða öllu leyti. Kennarar í valáföngum setja fyrir mæli til nemenda í Innu um hvort, hvar og hvenær þeir eigi að vera í staðtímum í skólanum í valáfanga. Nemendur geta setið áfram í sinni stofu og tekið þátt í fjarkennslustundum í valáföngum þegar ekki er staðkennsla. Allir nemendur þurfa að mæta með hlaðnar fartölvur í skólann og heyrnartól til að geta notað rafræn kennslukerfi fyrir fjarkennslustundir.
- Nemendur sem eru í sóttkví, einangrun eða bíða eftir niðurstöðu sýnatöku, hafa verið í einangrun vegna COVID-19 smits og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift og þeir sem eru með einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, bein - eða vöðvaverki og þreytu) eiga **ekki** að mæta í skólann. Forráðamenn geta tilkynnt forföll í Innu eða hringt í skrifstofu skólans.

Til þess að skólahald gangi sem best þá þurfum við að virða reglur skólayfirvalda, almannavarna og sóttvarnalæknis. Skólastarfið mun taka mið af sóttvarnareglum hverju sinni og eru nemendur vinsamlega beðnir um að hafa rakningarappið í sínum sínum og sinna vel persónulegum sóttvörnum, þvo og sóthreinsa hendur reglulega.